

Nefndarálit

um till. til þál. um samgönguáætlun fyrir árin 2009–2012.

Frá samgöngunefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Hrefnu Bryndísi Jónsdóttur og Davíð Pétursson frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Jón Óskar Pétursson og Elínu Línal frá Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Sigurð Pétursson, Úlfar B. Thoroddsen, Gústaf Jökul Ólafsson, Guðbrand Sverrisson, Eyrúnu Ingibjörgu Sigþórsdóttur, Jóhann Hannibalsson, Önnu Guðrínu Edvarðsdóttur og Aðalstein Óskarsson frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Pétur Þór Jónasson frá Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Þorvarð Hjaltason og Svein Pálsson frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Gunnstein Sigurðsson, Steingrím Hauksson og Ómar Stefánsson frá Kópavogsbæ, Árna Þór Sigfússon, Pétur Jóhannsson og Böðvar Jónsson frá Reykjanesbæ, Gunnar H. Gunnarsson og Örn Sigurðsson frá Samtökum um betri byggð, Árna Gunnarsson, Gunnar Val Sveinsson og Agnar Danielsson frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Pál Guðjónsson og Harald Sverrisson frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Þorvald Jóhannsson og Björn Hafþór Guðmundsson frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Jónas Guðmundsson frá Leið ehf., Eirík Björn Björgvinsson frá Fljótaldalshéraði, Gunnar Gunnarsson og Indu Björk Alexandersdóttur frá Sniglunum, bifhjólasamtökum lýðveldisins, Sigrúnu Þorsteinsdóttur frá Vátryggingafélagi Íslands og Jón Helgason, Eymund Runólfsson og Eirík Bjarnason frá Vegagerðinni.

Umsagnir bárust frá Akraneskaupstað, Akureyrarkaupstað, Árneshreppi, Dalvíkurbyggð, Djúpavogshreppi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Félagi vélstjóra og málmæknimanna, Fjarðarbyggð, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Fljótaldalshéraði, Garðabæ, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hafnarfjarðarbæ, Hafnasambandi Íslands, Húnaþingi vestra, Hvalfjarðarsveit, Hörgárbyggð, Ísafjarðarbæ, Kjósarhreppi, Kópavogsbæ, landlæknisembættinu, Landsbyggðin lifi – landssamtökum, Landssambandi hestamannafélaga, Landssamtökum hjólréiðamanna, Landvernd, Mosfellsbæ, Norðurþingi, Reykjanesbæ, ríkislögreglustjóra, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum ferðaþjónustunnar, Samtökum fjármálafyrirtækja, Samtökum iðnaðarins, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, Siglingastofnun Íslands, Skipulagsstofnun, Sniglunum, bifhjólasamtökum lýðveldisins, Svalbarðsstrandarhreppi, Sveitarfélaginu Árborg, Sveitarfélaginu Skagafirði, Samtökum verslunar og þjónustu, Umhverfisstofnun, Vátryggingafélagi Íslands, Vegagerðinni og átakshópnum Áfram vestur.

Fyrir nefndinni voru reifuð ýmis sjónarmið er varða samgönguáætlun. Meðal þeirra verkefna sem lögð var áhersla á fyrir nefndinni eru gerð reiðhjólástíga, efling almennings-samgangna, mannaflsfrekar framkvæmdir, þar á meðal fækkun einbreiðra brúa, viðhald vega, þjónusta við vegi, þar á meðal vetrarþjónusta við fjallvegi, upptaka veggjalda, lagning bund-

ins slitlags, gangagerð, uppbygging flugvalla, uppbygging samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri, umhverfismál, tvöföldun vega og gerð 2+1 vega.

Gerð var smávægileg breyting á uppsetningu töflu í lið 4.1.6 í þingskjali 973 að beiðni samgönguráðuneytisins.

Nefndin leggur ekki til breytingar á flugmálaáætlun og áætlun Umferðarstofu.

Siglingamálaáætlun:

Nefndin leggur til breytingu á siglingamálaáætlun, kafla 3.1 Fjármál: Lagt er til að framlög til áætlunar um öryggi sjófarenda hækki um 10 millj. kr. árin 2011 og 2012. Árið 2009 var tilkynnt um 238 slys á sjómönnum til Tryggingastofnunar ríkisins en að meðaltali hefur verið tilkynnt um 340 slys á sjómönnum á ári til Tryggingastofnunar síðustu tíu ár. Sé litið lengra aftur má sem dæmi nefna að árið 1997 var tilkynnt um 388 slys til stofnunarinnar og árið 2002 voru þau 413. Af framangreindu má álykta að talsverður árangur hafi náðst í öryggismálum sjómanna. Í ljósi þessa telur nefndin afar brýnt að draga ekki úr framlögum til málaflokksins og leggur því til viðbótarfjárveitingar.

Vegaáætlun:

Nefndin leggur til eftirfarandi breytingar á vegaáætlun, kafla 4.2 Sundurliðun einstakra gjaldliða:

1. Lagt er til að í kaflann verði bætt gjaldliðnum Dýrafjarðargöng – undirbúningur. Fyrir nefndinni kom fram það sjónarmið að samtenging byggða á Vestfjörðum væri að mörgu leyti sérstök og að taka yrði tillit til þess við gerð samgönguáætlunar. Nefndir telur að gerð jarðganga á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar efli samgöngur á milli byggða er nú tengjast saman með malarvegum og verða fyrir verulegum samgöngutruflunum yfir vetrartímann.
2. Lagt er til að 5 millj. kr. af framlagi til undirbúningsverka utan áætlunar á árinu 2011 og sama fjárhæð á árinu 2012 færist til undirbúnings Dýrafjarðarganga árið 2012, samtals 10 millj. kr.
3. Lagt er til að 5 millj. kr. af framlagi til sameiginlegs jarðgangakostnaðar á árinu 2011 og sama fjárhæð á árinu 2012 færist til undirbúnings Dýrafjarðarganga árið 2012, samtals 10 millj. kr.
4. Lagt er til að 34 millj. kr. árið 2011 og 28 millj. kr. árið 2012 færist af framlagi til Vestfjarðavegar, Eiði–Kjálkafjarðar, til undirbúnings verka utan áætlunar sömu ár. Við umfjöllun nefndarinnar kom fram að ákveðnir gjaldaliðir höfðu verið vanáætlaðir og að nauðsynlegt væri að bæta úr því. Framlög til Vestfjarðavegar verða færð aftur til verkefnisins eigi síðar en framkvæmdir við verkið Eiði–Kjálkafjörður hefjast.

Nefndin leggur til að ákvarðanir um einstakar framkvæmdir vegna tengivega ásamt fjárframlögum til bundins slitlags á einstökum tengivegum, samkvæmt samgönguáætlun, verði unnin í samráði við Vegagerðina og þingmenn kjördæmanna og að því loknu lögð fyrir ráðherra. Tillaga Vegagerðarinnar um skiptingu fjár til tengivega er að fjárveitingunni verði skipt milli kjördæma eftir hlutfalli lengdar tengivega í hverju kjördæmi með malarslitlag. Skiptingin verði þá þessi:

Suðurkjördæmi	17,7%
Reykjavík og Suðvesturkjördæmi	2,1%
Norðvesturkjördæmi	56,0%
Norðausturkjördæmi	24,2%

Umferðaröryggisáætlun:

Nefndin leggur til þá breytingu á umferðaröryggisáætlun, kafla 6.1.2 Gjöld að 2,5 millj. kr. af framlagi til verkefnisins „ökumaður og farartæki“ færast til áróðurs og fræðslu. Fyrir nefndinni kom fram beiðni frá samgönguráðuneytinu um tilfærsluna í því skyni að 6,5 millj. kr. verði til ráðstöfunar vegna samnings við Grundaskóla á Akranesi er varðar umferðarfræðslu í grunnskólum.

Nefndin vekur athygli á því að vegna bágs efnahagsástands verður ekki hægt að sinna mörgum brýnum samgönguverkefnum eins og þyrfti að gera. Þannig er ljóst að talsvert vantar upp á að nægt fé sé fyrir hendi til að sinna viðhaldi vega með fullnægjandi hætti. Samkvæmt mati Vegagerðarinnar nægir áætluð fjárveiting til málaflokksins einungis fyrir um 65% af þeirri lágmarksbörf sem miðað er við til að koma í veg fyrir að gæði núverandi vega rýrni hvað burðarþol þeirra og yfirborð varðar. Bent hefur verið á að skortur á slíku viðhaldi kunni að koma niður á flutningsgetu og umferðaröryggi á vegum landsins. Nefndin vekur athygli á því að við gerð 12 ára samgönguáætlunar er brýnt að lögð verði aukin áhersla á viðhald vegakerfisins. Þá telur nefndin rétt að taka fram að það sé ákveðið óréttlæti fólgandi því að þau verkefni í samgöngumálum sem flýtt var í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar árið 2007 og enn er ólokið skuli ekki vera í samgönguáætlun 2009–2012. Þannig hafa byggðir sem stefnt var að því að viðhalda og styrkja með flýtingu samgönguframkvæmda ekki einungis þurft að taka á sig samdráttinn sem almennt hefur orðið í íslensku efnahags- og atvinnulífi, heldur einnig samdrátt vegna skerðingar aflaheimilda í þorskveiði síðustu ár. Því er mikilvægt að þær framkvæmdir sem hér um ræðir verði í forgangi á 12 ára áætlun í samgöngumálum sem væntanleg er á næstu mánuðum.

Nefndin ræddi talsvert um vinnulag við gerð samgönguáætlana og hvernig mætti bæta það. Nefndin er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að taka upp ný vinnubrögð við undirbúning og gerð samgönguáætlana sem leiði af sér að samgönguáætlun hverju sinni falli að heildstæðri sóknaráætlun landsins alls og einstakra svæða. Til að ná þessum markmiðum þarf að endurskoða lög um samgönguáætlun.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt** með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali.

Róbert Marshall, Anna Margrét Guðjónsdóttir, Guðmundur Steingrímsson og Ásbjörn Óttarsson skrifa undir álit þetta með fyrirvara.

Árni Johnsen, Ólína Þorvarðardóttir og Mörður Árnason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. júní 2010.

Björn Valur Gíslason,
form., frsm.

Róbert Marshall,
með fyrirvara.

Anna Margrét Guðjónsdóttir,
með fyrirvara.

Guðmundur Steingrímsson,
með fyrirvara.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Ásbjörn Óttarsson,
með fyrirvara.